



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 8. maí 2024

2405005SA VRB
Málalykill: 00.63

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um lagareldi, 930. mál

Vísað er til erindis frá nefndarsviði Alþingis, dags. 24. apríl 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um 930. mál, lagafrumvarp um lagareldi. Markmið laganna er að skapa skilyrði til sjálfbærrar uppbyggingar lagareldis og efla þannig verðmætasköpun, atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu lagareldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Jafnframt er vísað til [umsagnar](#) Sambands íslenskra sveitarfélaga við drög að frumvarpinu sem birt var í samráðsgátt stjórnvalda 6. desember 2023 með umsagnarfresti til 12. janúar 2024.

Í stefnumörkun sambandsins fyrir árin 2022-2026 kemur fram:

8.26 Mótuð verði heildstæð stefna um fiskeldismál og nýtingu strandsvæða í sátt við umhverfið og íbúa með beinni aðkomu sveitarfélaga. Fiskeldissjóður verði lagður niður og þess í stað fái sveitarfélög beina hlutdeild í auðlindagjaldi.

Sambandið telur fyrirbyggjandi frumvarp skref í rétta átt og í samræmi við stefnumörkun sambandsins eins langt og hún nær. Ljóst er að skiptar skoðanir geta verið í sveitarstjórnnum landsins um starfsemina sem slíka, sér í lagi sjókvíaeldi, sem hefur verið mikið í almennri umræðu undanfarin ár. Þar sem ekki verður séð að brugðist hafi verið við fyrri athugasemdum eða fjallað um umsögn sambandsins í greinargerð með frumvarpinu vill sambandið þó ítreka fyrri athugasemdir.

Afstaða sambandsins

Samband íslenskra sveitarfélaga telur það frumvarp sem fyrir liggur framfaraskref í þeirri vegferð að treysta undirstöður lagareldis á Íslandi og búa til traust á þeirri starfsemi sem um ræðir.

Fyrir liggur að í frumvarpinu er gert ráð fyrir að þau sveitarfélög þar sem sjókvíaeldi er til staðar fái úthlutað fjármunum úr samfélagssjóði sjókvíaeldis sem komið er á fót með XIV. kafla frumvarpsins. Slík ráðstöfun er almennt til þess fallin að vera jákvæð fyrir fjárhag sveitarfélaga, en gert er ráð fyrir að fjárhæð sú sem renni í samfélagssjóð sjókvíaeldis hækki úr rúmlega 400 m.kr. árið 2025 og upp í rúmlega 1 milljarð árið 2028. Sambandið tekur þó undir fyrri athugasemdir sjókvíaeldissveitarfélaga við frumvarpsdrögin, þess efnis að æskilegt væri að herra hlutfall tekna af framleiðslugjaldi renni til samfélagssjóðsins og verði úthlutað til sveitarfélaganna.

Þrátt fyrir að um jákvæða aðgerð sé að ræða í frumvarpinu er mikilvægt að framhaldið verði unnið í nánu samráði við þau sveitarfélög sem teljast eða munu teljast sjókvíaeldissveitarfélög. Einstök sveitarfélög geta ekki gert sér enn sem komið er grein fyrir því hversu miklir fjármunir muni falla í skaut hvers sveitarfélags

fyrir sig. Að mati sambandsins hefði verið æskilegt að drög að þeirri reglugerð sem vísað er til í 6. mgr. 81. gr. hefðu legið fyrir við þinglega meðferð málsins, enda skal í henni fjalla um hvaða sveitarfélög teljist til sjókvíaeldisbyggða, málsmeðferð sjóðsins, útreikning úthlutunarfjár og skiptingu úthlutunarfjár milli sjókvíaeldisbyggða. Mikilvægt er að sú óvissa sem felst í því að útfæra veigamikil ákvæði laganna í reglugerðum verði takmörkuð og rammi laganna sem skýrastur.

Þær skorður sem starfsemi sjókvíaeldis eru settar í frumvarpinu geta haft töluverð fjárhagsleg áhrif á afkomu sveitarfélaga. Sambandið leggur því áherslu á að auk umhverfislegra sjónarmiða og sjónarmiða um sjálfbærni þurfi markmið frumvarpsins að vera að leggja undirstöður að blómlegri atvinnugrein sem muni taka þátt í því að auka velsæld á Íslandi, með auknum útflutningstekjum. Það hefur jafnframt sýnt sig að þessi starfsemi hefur haft jákvæð áhrif á þau sveitarfélög þar sem starfsemin á sér stað með auknum útsvarstekjum og fjölgun íbúa. Í allri reglusetningu gagnvart slíkum atvinnuvegi er mikilvægt að það eftirlit og þau viðurlög sem mælt er fyrir um valdi því ekki að það verði stöðnun í atvinnugreininni heldur verði henni gert kleift að byggjast upp með sjálfbærum hætti til framtíðar. Við ákvarðanatöku um gjaldtöku af greininni þarf því að taka mið af þeim sjónarmiðum.

Valdheimildir ráðherra samkvæmt frumvarpinu eru víðtækar og víða vísað til þess að ákvæði laganna skuli útfærð í reglugerð. Í frumvarpinu kemur jafnframt fram að ákveðnar ákvarðanir séu teknar af ráðherra, en ekki kemur fram á hvaða grundvelli skuli taka slíkar ákvarðanir að öðru leyti. Dæmi um slíkar ákvarðanir er ákvörðun um á hvaða svæði skuli gera burðarþolsmat skv. 1. mgr. 5. gr. laganna, hvenær og hversu mörgum smitvarnarsvæðum skuli úthlutað skv. 1. mgr. 24. gr. laganna. Mikilvægt er að allar slíkar ákvarðanir séu teknar í samræmi við ráðgjöf þeirra fagstofnana sem undir ráðherra heyra, Matvælastofnun eða Hafrannsóknarstofnun eftir atvikum. Traust og fagleg stjórnsýsla þarf að vera til staðar þegar ákvarðanir um grundvallarhagsmuni skv. lögnum eru teknar.

Í frumvarpinu er einnig að finna tilteknar heimildir til þess að skerða eða afturkalla leyfi til þess að iðka sjókvíaeldi. Mikilvægt er að slíkar reglur séu fyrirsjáanlegar fyrir þau fyrirtæki sem aðgerðir beinast gegn. Ákvarðanir um að minnka umsvif sjókvíaeldis geta haft veruleg áhrif á fjárhag sveitarfélaga og er af þeim sökum mikilvægt að slíkar ákvarðanir verði vel ígrundaðar og fyrirsjáanlegar. Ákvarðanir vegna brota gegn lögnum geta bæði verið beinar sektir en jafnframt takmörkun á leyfi til rekstrar. Í báðum tilvikum er um fjárhagslega hagsmuni að ræða og mikilvægt að málhófs sé gætt við slíka ákvarðanatöku. Eins skal bent á að eðlilegt má telja að sjókvíaeldissveitarfélög fái hlutdeild í sektum sem lagðar eru á, til að mæta neikvæðum áhrifum umræddra brota eða refsiaðgerða á hag eða umhverfi viðkomandi sveitarfélags.

Til viðbótar við þær athugasemdir sem eru ítrekaðar hér að framan bendir Samband íslenskra sveitarfélaga á mikilvægi þess að haft sé samráð við hlutaðeigandi sveitarfélög í þeim tilfellum þar sem ákvarðanir geta haft veruleg áhrif á hag eða umhverfi sveitarfélaga og að gert ráð fyrir slíku samráði í lögum. Mikilvægt er að sveitarfélög fái að koma sjónarmiðum sínum á framfæri áður en afdrifaríkar ákvarðanir, sem geta haft veruleg áhrif á afkomu þeirra og umhverfi, eru teknar,

hvort sem er við setningu laga og reglugerða eða við ákvörðunartöku á grundvelli þeirra.

Að lokum

Um er að ræða grundvallarhagsmunamál þeirra landshluta þar sem sjókvíaeldi er til staðar þ.e. á Aust- og Vestfjörðum. Ítrekað er að áframhaldandi samráð við viðkomandi sveitarfélög er forsenda þess að innleiðing laganna gangi vel fyrir sig.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Valgerður Rún Ben.

Valgerður Rún Benediktsdóttir
yfirlögfræðingur